

## 6. FUNDUR STJÓRNAR HUNDARÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS

### STARFSÁRIÐ 2019-2020

Mánudaginn 2. desember kl. 18:00 var haldinn sjötti fundur stjórnar Hundaræktarfélags Íslands.

Fundurinn var haldinn á skrifstofu félagsins í Síðumúla.

Mætt voru: Herdís Hallmarsdóttir formaður, Auður Sif Sigurgeirsdóttir, Heiðar Sveinsson, Svava Björk Ásgeirsdóttir og Þorsteinn Thorsteinson auk varamanna Guðna B. Guðnasonar og Guðbjargar Guðmundsdóttur.

Guðný Isaksen framkvæmdastjóri HRFÍ sat fundinn.

Þorsteinn Thorsteinson ritaði fundinn.

#### Dagskrá:

##### 1. Augnskoðun shih tzu

Eftir niðurfellingu augnskoðunar á shih tzu og greiningar nýs tilfellis arfgengrar vaxandi sjónurýrnunar (PRA) í shih tzu í síðustu augnskoðun skoraði Vísindanefnd HRFÍ á stjórn félagsins að endurvekja augnskoðunarkröfu á shih tzu. Fundað var með Vísindanefnd á síðasta stjórnarfundum og var ákveðið að boða stjórn Shih tzu deildar á þennan fund og fá þeirra sýn á málið. Fyrir hönd Shih tzu deildar mættu Soffía Kwaszenko, Súsanna Antonsdóttir og Helga Þórðardóttir.

Farið var yfir málið, stöðuna í dag og umræður stjórnar og Vísindanefndar á síðasta stjórnarfundum. Stjórn Shih tzu deildar vildi fá að vinna að þessu máli áfram með sama hætti og undanfarin ár. Deildin vildi fá að starfa jafnfætis öðrum deildum á Norðurlöndunum og í Bretlandi þar sem ekki væri krafa um augnskoðun á shih tzu. Deildin mælti þó að sjálfsgöðu áfram með augnskoðun ræktunardýra og sagði alla ábyrga ræktendur augnskoða sína hunda.

Fulltrúar deildarinnar upplýstu að sérfræðingar í augnsjúkdómum hunda eins og Finn Boserup, Lorna Newman og Peter Bedford teldu að þær hömlur, sem væru settar á shih tzu hér á landi, væru hættulegar stofninum og gætu minnkað erfðamengi kynsins. Það væri mun hættulegra að flytja inn dýr þar sem ekkert væri vitað um augnheilbrigði en að vinna áfram með stofn þar sem bakgrunnurinn væri þekktur. Það væri ekki vitað hvernig arfgengi PRA væri háttað í neinni tegund en þetta væri þó víkjandi sjúkdómur. Stjórn deildarinnar taldi ekkert vit í því að taka heilu gotin úr ræktun, nóg væri að taka sýkta einstaklinga úr ræktun og banna endurtekna þörun þar sem PRA hefði komið upp. Tveir shih tzu hundar hefðu greinst með PRA á Íslandi, einn fyrir 10 árum og svo annar núna en enginn þar á milli. Það var mat deildarinnar að Vísindanefnd tæki fram fyrir hendurnar á sérfræðingum í augnsjúkdómum hunda með sínu mati enda hefði deildin álit sérfræðinga sem mælti gegn álit Vísindanefndar. Shih tzu deild vildi að ábyrgðin lægi hjá ræktendum sjálfum og að þeir fengju að standa jafnsætis ræktendum í öðrum löndum. Deildin taldi að samvinna og tilmæli væru líklegri til árangurs en boð og bönn.

Ef ekki yrði komist hjá augnskoðunarkröfu á shih tzu þá vildi deildin að sú undanþága, sem í gildi var fyrir shih tzu, yrði áfram virk svo heilu gotin færu ekki í ræktunarbann greindist PRA. Í umræðunum komu einnig fram hugmyndir um endurmat stöðunnar að fimm árum liðnum.

Eftir að stjórn Shih tzu deildar vék af fundi ræddi stjórn HRFÍ málið áfram. Samþykkt var að setja augnskoðunarkröfu á shih tzu næstu fimm árin. Ef ekki kæmu tilmæli frá stjórn félagsins og/eða Vísindanefnd myndi augnskoðunarkrafa á shih tzu falla niður 1. janúar 2025 og gildistími augnskoðunar á shih tzu yrði nú 24 mánuðir.

Skýr vilji deildarinnar var um áframhaldandi undanþágu frá almennri reglu um PRA. Ákveðið var að fresta afgreiðslu á þessari beiðni þar til álit Vísindanefndar og Ræktunar- og staðlanefndar lægi fyrir.

Í Reglugerð HRFÍ um skráningu í ættbók gildir því eftirfarandi ákvæði um shih tzu:

Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 24 mánaða við pörun. (Gildir frá 1. janúar 2020 til 1. janúar 2025.)

## **2. Gjaldskrá HRFÍ 2020**

Guðný framkvæmdastjóri HRFÍ fór yfir stöðuna á fjármálum félagsins og gildandi gjaldskrá. Umræður urðu um málið og mögulega gjaldskrárhækkun. Einnig verður skoðað hvort greiða eigi inn á höfuðstól lána og þar með lækka vaxtakostnað. Ákveðið var að skoða málið nánar og taka fyrir á næsta fundi stjórnar.

## **3. Önnur mál**

Guðni hafði samið drög að bréfi til Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins um innflutning hunda og sérstaklega skilgreiningu yfirvalda á Íslandi á löndum án hundaæðis („Rabies fríum“) en samkvæmt MAST eru 16 ár síðan þessi skilgreining var endurskoðuð á Íslandi. Mörg þeirra landa, sem enn væru skráð á Íslandi sem Rabies lönd, hefðu verið tekin út af þeim lista í Evrópu. Þetta hefði áhrif á kröfur um aldur innfluttra hvolpa þar sem heimilt væri að flytja inn fimm mánaða hvolpa frá Rabies fríum löndum í stað sjö. Slíkt gæti haft úrslitaáhrif varðandi innflutning og vilja erlendra ræktenda til að selja hvolpa til Íslands. Áfram verður unnið í málinu.

Fundi slitið 20:10